

Sp.

93. Tillaga til þingsályktunar

[84. mál]

um nýjar heyverkunaraðferðir.

Flm.: Jónas Árnason, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á landbúnaðarráðherra að láta gera könnun á því, hvaða nýjar aðferðir geti að gagni komið við heyverkun hér á landi.

Greinargerð.

Bændur hafa orðið fyrir miklum áföllum af völdum óþurrkanna í sumar. Því er nú mikið rætt um nauðsyn þess að finna nýjar heyverkunaraðferðir, sem gert gætu bændum kleift að verjast slíkum áföllum í framtíðinni. Nokkrir framtakssamir einstaklingar hafa reyndar ekki látið sitja við orðin tóm, heldur gert tilraunir og sett fram kenningar, sem þeir sjálfir og ýmsir fleiri fullyrða, að leitt gætu til lausnar á vandamálinu. Sjálfsagt virðist, að þessu sé gaumur gefinn og stuðningur veittur til frekari tilrauna, ef þær lofa góðu.

Fyrirgreiðsla við einstaka áhugamenn uppfyllir þó hvergi nærri allar skyldur hins opinbera í þessu máli, heldur verður einnig að koma til ótul forganga af þess hálfu, enda munu fá mál hafa meiri þjóðhagslega þýðingu. Það má ekki dragast lengur, að á þessum vettvangi sé hafin viðtæk könnun, þar sem byggt verði á hagnýtri reynslu bænda sjálfra, athugunum einstakra áhugamanna og lærdómi vísindamanna. Með því móti hlýtur að vera hægt að leiða mál þetta til farsællar niðurstöðu. Nú er tækniöld, og því hlýtur að vera af sú tíðin, að bændur þurfi endilega að eiga allt sitt undir sól og regni. Tæknin hlýtur að fela í sér möguleika fyrir bændur að verka hey sín sómasamlega, jafnvel þótt hann rigni aftur önnur eins feikn og í sumar.